



ORKUSTOFNUN

Yfirlit um hafssbotnsrannsóknir á Orkustofnun
1993

Karl Gunnarsson

Greinargerð KG-94-08

YFIRLIT UM HAFSBOTNSRANNSÓKNIR Á ORKUSTOFNUN 1993

1. Inngangur

Sú breyting varð á tilhögun hafsbotsrannsókna á vegum Iðnaðarráðuneytis á árinu, að umboð Hafsbotsnefndar ráðuneytisins rann út í apríl, og því er yfirlit þetta sent ráðuneytinu í nafni Orkustofnunar. Í tilefni þess var ráðuneytinu sent yfirlit um störf nefndarinnar, og hugmyndir um framtíðarverkefni á sviði hafsbotsrannsókna (sjá bréf Guðmundar Pálasonar, dagsett 14. apríl 1993, og meðfylgjandi greinargerð: *Verkefni Hafsbotsnefndar Iðnaðarráðuneytisins 1990-93*, Orkustofnun, 1993-04-07, KG-1/93). Í lokaáliti nefndarinnar, en hana skipuðu fulltrúar frá mörgum aðilum í rannsóknasamfélagitnu, kemur fram ákveðinn vilji fyrir viðtækri samvinnu innlendra stofnana við rannsókn hafsbotsins umhverfis landið, og sú skoðun að mikið skorti á að frumrannsóknir og kortlagning á landgrunninu séu á viðunandi stigi. Segja má að án slískrar undirstöðu sé mat á jarðlagagerð og auðlindum landgrunnsins háð meiri og minni óvissu og tilviljunum.

1.1 Jan Mayen-svæðið

Samstarf Orkustofnunar og Oljedirektoratet (Olíustofnunarinnar norsku) um undirbúning fyrir rannsóknir á Jan Mayen-hrygg hófst um 1981. Tveir leiðangrar hafa verið gerðir á svæðið til endurkastsmælinga (seismic reflection). Mælingar og úrvinnsla hafa verið gerðar í samvinnu þessara tveggja stofnana, og norskir háskólar hafa einnig komið við sögu. Tölvuvinnsla mælinganna frá '85 var gerð í Noregi, en mælingarnar frá '88 voru unnar á Orkustofnun.

Í kjölfar umræðu milli iðnaðaráðherra Íslands og Noregs um framhald rannsókna á Jan Mayen-hrygg, og fundarhalda embættismanna og sérfræðinga um málið, var gert áatak á árinu til að endurmota stöðuna, og kynna svæðið betur kynnt fyrir olufélögum og sérfræðingum á sviði olfuleitar. Eftirfarandi atriði voru tekin fyrir:

- Jan Mayen svæðinu, verður nú gerð betri skil en áður í upplýsinga- og sölubæklingi þeim sem Oljedirektoratet gefur árlega út, þar sem m.a. er greint frá mæligögnum þeim sem olufélögum bjóðast til sölu. Nú verða öll endurkastsmælingagögn af svæðinu í boði, en áður voru einungis gögnin frá 1985 fáanleg.
- Svæðið var kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu í Stavanger í júní 1993, sem haldin var af fagfélögunum EAEG (European Association of Exploration Geophysicists) og EAPG (European Association of Petroleum Geoscientists & Engineers). Þar var bæði haldinn fyrirlestur og höfð spjaldasýning, auk þess að upplýsingum um gagnapakkann var dreift (sjá meðfylgjandi viðauka). OS og OD unnu að þessari kynningu í sameiningu.

Einnig var unnið að frekari túlkun gagna og gerð lokaskýrslu. Í þessu sambandi hefur Olíustofnunin látið ýmis alþjóðleg úrvinnslufyrirtæki gera tilraun til að bæta gæði gagnanna frá '85, en gæði þeirrar úrvinnslu sem gerð var á Orkustofnun uppfyllir enn nýjustu kröfur. Hugsanlega má bæta gögnin að nokkru, en mjög er óvist að nýjar grundvallarupplýsingar fáist með þessu móti. Afráðið er er ganga á þessu stigi frá lokaskýrslu um niðurstöður nýjustu rannsókna, og fjallar hún sértaklega um afmarkað svæði um miðjan hrygg, sem er eitt hið áhugaverðasta frá bæði jarðvísindalegu og olfuleitarsjónarmiði. Skýrslan er í útgáfuvinnslu.

Aðrar framkvæmdir eru ekki á dagskrá Olfustofnunarinnar norsku, og ljóst er að þetta svæði er mjög neðarlega á forgangslista þeirra. Þessi viðhorf eru eðlileg endurspeglun á áhuga olíufélaga. Þau hafa engan áhuga sýnt á svæðinu, enda eru fjölmörg nærtækari og vænlegri svæði til reiðu fyrir olíuleit. Einu jákvæðu viðbrögðin eru kaup norska ríkisolsfélagsins á bæði mæligögnunum frá 1985 og nú síðast 1988. Sem stendur eru markaðsástæður einnig á þann veg að ekki er að búast við mikilli djörfung í olíuleit. Áframhald rannsókna á svæðinu mun einkum ráðast af huga Íslendinga til að þoka þeim málum fram, og lágmark hlýtur að teljast að minnt sé reglulega á svæðið, og það metið í ljósi nýjustu vitneskju og tæknigetu.

1.2 Öxarfjörður og Landgrunn Norðurlands

Hugað hefur verið að hugsanlegum kolvettnisauðlindum í Öxarfirði, en þar hefur fundist vottur af olíugasi í sýnum. Orkustofnun og aðilar frá H.I. hafa þar stundað rannsóknir í tengslum við boranir og jarðeðlisfræðilegar mælingar.

Í tengslum við þetta verk hefur Jarðeðlisfræðideild unnið að tölvuvinnslu endurkastsgagna (Western Geophysical Co.; mælt 1978), sem nú er lokið. Komið hefur í ljós að mögulegt er að bæta þau gögn verulega. Fengist hefur mun skýrari mynd af jarðlagasniði á mælilínu sem liggur úr mynni Öxarfjarðar til norðvesturs, og unnið er að túlkun hennar og tengingu við rannsóknir á landi í Öxarfirði Um tveggja km þykk setlög er að finna á landgrunninu frá fjarðarmynninu og norður úr. Í gögnunum felast upplýsingar um upphleðslusögu setлага á svæðinu, og hvernig þau hafa hlaðist út frá landinu. Enn sem komið er hefur ekkert í gögnunum bendir til sérstakra staðbundinna aðstæðna sem væru hagstæðar til olíumyndunar eða samsöfnunar olíu, þ.e. djúp lokuð setlagatrog og olíugildur.

Í framhaldi af þessari vinnu verður unnin við að skilgreina framhald þessara setлага inn til lands í Öxarfirði, í tengslum við þann vinnuhóp unnið hefur við rannsókn á gassvæði Öxarfjarðar. Þar kemur m. a. við sögu niðurstöður endurkastsmælinga sem gerðar voru þar í sumar (Vibroseis), bylgjubrotsmælinga og jarðfræðikönnunar. Enn fremur er ætlunin að ljúka samantekt á rannsóknum á landgrunni Norðurlands, svo yfirlit fáist yfir allt það svæði. Þetta verk styður um leið við tilraun til að fá neðansjávarborholu á svæðinu innan hins alþjóðlega ODP-verkefnis. Með samtúlkun jarðeðlisfræðilegra mælinga á landi og sjó, ásamt jarðfræði- og jarðefnafræðilegum upplýsingum má ætla að nokkuð raunhæfur grundvöllur muni fást á árinu til að gera rökstudda áætlun um líkur fyrir olíu- eða gaslendum á svæðinu.

1.3 Hatton-Rockall svæði

Rannsóknir á Hatton-Rockall svæðinu hófust 1987 í samvinnu við Dani, og stóðu Orkustofnun og Danmarks Geologiske Undersøgelse (DGU) að framkvæmd þeirra. Eiginleg rannsóknavinnna hefur ekki verið í gangi undanfarið, en samband við DGU hefur haldist, og ljóst er að stofnunin sem slík lítur jákvæðum augum á faglega samvinnu við Íslendinga við rannsókn á þessum slóðum.

Fylgst hefur verið með þróun rannsókna á svæðinu, en þar hafa Bretar sig nú nokkuð í frammri. Þar stendur BGS (British Geological Survey) nú fyrir þriggja ára mælingaverkefni sem nefnist "Rockall Continental Margin Survey", sem lýkur árið 1994. Verkefnið mun að mestu kostað af samtökum átta olíufélaga. Rannsóknin byggist einkum á endurkastsmælingum sem miða að því að kanna jarðlagagerð bæði grunnt og á miklu dýpi. Einnig verða boraðar grunnar könnunarholur og botnsýni tekin. Vísindaleg vinna er einkum á hendi BGS og ýmissa breskra háskóla. Niðurstöður munu verða meira og minna leynilegar ("commercial confidentiality"). Það er lsklegt að í þessa rannsókn hafi verið ráðist vegna hvatningar yfirvalda í Bretlandi, og að tilgangur hennar sé bæði að meta olíulíkur og afla jarðfræðilegra gagna til að rökstyðja tilkall Bretta til svæðisins.

Aðilar hjá Orkustofnun og DGU könnuðu hvort breskir vísindamenn myndu taka vel í boð um samvinnu við þetta verkefni á hreinum vísindalegum grundvelli, en ekki reyndist þar áhugi fyrir slíku. Reynt verður að fylgjast með þróun þessara mála, og þeim takmörkuðu niðurstöðum sem birtar verða.

1.4 Olíuleit á landgrunni Færeyja

Olíufélagið BP fann fyrir skömmu verulegar olíulindir á landgrunninu vestur af Hjaltlandi, skammt frá miðlínú milli Bretlands og Færeyja. Eftir þennan fund hefur bjartsýni aukist í Færeyjum og hjá olíufélögum um að olíá gæti einnig fundist í færeyskri lögsögu. Álitlegasta svæði Færeyinga er nú næst miðlínunni, enda svipar því til olíusvæðanna handan markanna. Þar sem svæði þetta er í raun neðst í landgrunnshlíðunum Bretlands megin, er Bretum illa við að láta það frá sér, og hefur staðið í deilum í 15 ár um hvort miðlína ætti að gilda. Ekki er útséð um lausn þeirrar deilu.

Mælingafélaginu Western Geophysical Co. var nýlega veitt umboð til að gera umfangsmiklar endurkastsmælingar á landgrunni Færeyja. Þessar mælingar verða síðan boðnar olíufélögum til kaups, og ætla Færeyingar sér ágóðahlut. Gerðar verða endurkastsmælingar (seismic reflection), 12.000 km af línum á 190.000 ferklómetra svæði. Einig verða gerðar fullkomnar seismískar borholumælingar í Lopra-holunni á Suðurey, sem Íslendingar hjálpuðu við að bora á sínum tíma. Ljúka á mælingum á tveimur árum. Mest áhersla verður lögð á svæðið austan og sunnan eyjanna, en einnig verður mælt norðan og vestan þeirra. Niðurstöður mælinganna geta orðið áhugaverðar fyrir Íslendinga, bæði á Færeyjahryggnum og suður á Rockall-Færeyjasvæðinu. Vonandi má fá nokkrar fréttir af niðurstöðum frá opinberum stofnunum, þegar niðurstöður liggja fyrir eftir 2-3 ár.


1.5 Gagnasöfn

Jón Eirksson hjá Háskóla Íslands hefur um árabil safnað tilvísunum í greinar sem varða jarðfræði hafsbotsinsins umhverfis Ísland. Fjöldi titla er nú orðinn á þriðja þúsund. Þetta verkefni hefur verið kostað að hluta af fjárveitingum til hafsbotsrannsókna.

Unnið var að viðhaldi frumgagna á segulböndum, svo og ýmsum öðrum gagnasöfnum. Óhjákvæmilega verður þessi liður umfangsmeiri með tíma eftir því sem gögn aukast.



AVAILABLE SEISMIC DATA FROM THE JAN MAYEN AREA



| PACKAGE | KMS | PRICE | VINTAGE |
|-----------------------|------|--------------|-----------|
| 026 JAN-MAYEN-85 | 1802 | kr 970.000 | 1985 |
| 027 JAN-MAYEN-79/85 | 2837 | kr 1.415.000 | 1979/85 |
| 049 NORSKEHAVET-74/79 | 1231 | kr 470.200 | 1974/79*) |
| 053 JAN-MAYEN-88 | 524 | kr 95.000 | 1988 |

*) Package 049 is at present (1992/93) being reprocessed
1985 & 88 data in cooperation with the National Energy Authority, Iceland (ORKUSTOFNUN)

For further Information, contact:

The Norwegian Petroleum Directorate, P O Box 600, N-4001 Stavanger
Phone: N-4-87 60 00
Fax: N-4-55 15 72
Attn: Bente Nyland or Jan Allan Eide